

Sjóferðabæn

*Við biðjum þig Guð, algóði faðir,
að blessa það skip sem ber þessa bæn,
í nafni Guðs föður og sonar og heilags anda.
Drottinn gef þú oss öllum góðar stundir,
skipi og mönnum í Jesú nafni:*

Er á legi fley mitt fer
flötur hafsins vegur er.
Góðan byr þá gefi mér,
Guð sem styrkur stendur.
Afla minn og áhöfn hér,
er mitt skip að landi ber,
helgað Drottinn hef ég þér,
það blessi þínar hendur.

Amen.



Sjómanna dagurinn árið 2000
Gjöf frá Norðfjarðarkirkju í tilefni 1000 ára kristni á Íslandi